

5.4.2022

Akraneskaupstaður

Dalbraut 4
300 Akranesi

b.t Bæjarráðs Akraneskaupstaðar

Styrkbeiðni.

Tíu starfsmenn frá Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar hafa skráð sig í ferð á vegum Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSOS) þar sem stefnan er sett á stóra og mikla björgunarsýningu í Þýskalandi.

Sýningin ber heitið Interschutz, hér á Íslandi hefur hún verið kölluð Rauði haninn, og er hún haldin dagana 20.-25.júní 2022. Sýningin er haldin í Hannover og flogið verður út mánudaginn 20.júní og heim aftur 25.júní. Á sýningunni eru fjölmargir viðburðir, svo sem sýning á nýjum búnaði til slökkvi- og björgunarstarfa, ráðstefnur, sýnikennsla og forvarnarfræðsla, sem hafa vakið þennan mikla áhuga liðsmanna í slökkviliðinu fyrir ferðinni í ár.

Árið 2020 óskaði Félag Slökkviliðsmanna Akraness og Hvalfjarðarsveitar (FSAH) eftir styrk fyrir samskonar ferð og fengum við jákvæð svör við því frá Akraneskaupstað en vegna Covid-heimsfaraldurs var Rauða hananum 2020 frestað og af þeim sökum var sú styrkbeiðni ekki innheimt af hálfu FSAH 2020. Sjá umfjöllun í bæjarráði 26.9.2019 þar sem málið var tekið fyrir. Hlekkur á fundarger er hér, Liður 10.

<https://www.akranes.is/stjornsysla/fundargerdir/baejarrad/3073>

Kostnaður við ferðina er 180.000 kr. á hvern starfsmann (flug, aðgöngumiði á sýninguna, hótél og rútuferðir).

Óskað er eftir styrkveitingu til að koma til móts við kostnað við ferðina að upphæð 500.000 kr.

Með von um góðar undirtektir.

Kveðja,

Ásmundur Jónsson, formaður FSAH

Sigurður Þór Elísson, Fulltrúi í ferðanefnd Rauða hanans 2022.